

Fundur svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs 16.08.11

Fundurinn var haldinn að Klapparstíg 25–27, Reykjavík. Á staðnum voru Ástvaldar Guðmundsson, Elín Heiða Valsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Skúlason og Snorri Baldursson. Í síma voru Erla Ívarsdóttir og Karl Ölvirsson.

1. Ólafía setti fundinn og stýrði kjöri formanns. Hún stakk upp á að fráfarandi formaður héldi áfram næstu fjögur ár. Það var samþykkt einróma.
2. Elín Heiða tók við stjórn og þakkaði fráfarandi svæðisráði fyrir góð störf og bauð nýtt velkomið. Hún stýrði kjöri varaformanns. Stungið var upp á Sigurði Skúlasyni í það embætti og var það samþykkt einróma.
3. Stungið var upp á Snorra Baldurssyni sem ritara fundarins og var það samþykkt. Hann ákveður fyrir næsta fund hvort hann vill gegna því starfi áfram.
4. Önnur mál:
 - a. Sigurður lýsti áhyggjum af því að fundargerðir rötuðu seint inn á heimasíðu garðsins og fór fram á að þetta yrði lagað. Snorri lofaði að skoða þetta mál. Samþykkt var að dreifa drögum af fundargerð rafrænt milli funda og skrifa undir samþykka fundargerð á næsta fundi.
 - b. Snorri kynnti framkvæmdir sumarsins. Í stórum dráttum tókst að ljúka öllum verkefnum sem voru á áætlun: Þjóðgarðurinn var stækkaður eins og til stóð; landvarsla með alls sex landvörðum á þremur landvörslustöðvum gekk afar vel; fræðsludagskrá var á öllum stöðum; reistur var fyrsti áfangi áningaraðstöðu við Laka með vatnssalerni; sett voru upp alls 5 aðkomuskilti á landamæri þjóðgarðsins og 7 fræðslu/kortaskilti; gefinn var út bæklingur um suðurhluta vestursvæðis Langasjó, Laka og Eldgjá; sett var upp sýning um vestursvæði þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri; gönguleiðir voru merktar skv. áætlun og göngustígar lagfærðir; nokkrir vegslóðar voru stikaðir og fjölda villuslóða lokað og unnin voru drög að deiliskipulagi fyrir Nýjadal og Langasjó/Eldgjá. Svæðisráð lýsti ánægju með þetta.
 - c. Minnst var á óhappið í Blautulónum, þar sem rúta ók fram af marbakka og fór á kaf í vatnið. Ekki væri við landvörð að sakast þar sem leiðin væri merkt á kort þjóðgarðsins. Í framhaldi var rætt um nauðsyn þess að skoða þessa leið vel við gerð verndaráætlunar
 - d. Spurt var hvort 4x4 ferðaklúbburinn hefði haft samband vegna merkingar slóðar á Breiðbak. Snorri sagði svo ekki vera.
 - e. Spurt um landvörslu í Jökulheimum. Snorri sagði umferð hafa verið afar litla, en taldi samt gagnlegt að hafa reglulega viðveru/eftirlit þar.
 - f. Elín Heiða sagði að nú þyrfti að vinna verndaráætlun fyrir hið stækkaða landsvæði innan vestursvæðis. Hún bauðst til að vinna tillögu með þjóðgarðsverði um hvernig standa skyldi að gerð verndaráætlunar og hver áhersluatriði hennar skyldu vera fyrir næsta fund svæðisráðs. Þessi tillaga var samþykkt.
 - g. Lagt var til að næsti fundur yrði haldinn 22. september 2011, samkvæmt nánari boðun í tölvupósti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:00